



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 7. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2015
MIÐVIKUDAGINN 18. NÓVEMER KL.13:15**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi: (sjá minnisblað)

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf

- ✓ Þrír nemendur senda inn bréf vegna óska um færslu á prófum, sjá fskj.
Skólaráð samþykkir fyrir sitt leyti að viðkomandi nemendur taki umrætt próf erlendis í samráði við prófstjóra og kennslustjóra fjarnáms.
- ✓ Nemandi óskar eftir undanþágu frá 3 einingum í stærðfræði til stúdentsprófs af listnámsbraut
Umsóknin er send til kennslustjóra í stærðfræði til umsagnar.
- ✓ Tveir nemendur segja sig frá námi

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Fulltrúar nemenda í skólaráði fóru yfir helstu viðburði undanfarið og hvað framundan er. Félagslífið hefur verið fjölbreytt, framundan er undirbúningstími nemenda fyrir próf svo fjöldi viðburða endurspeglar það. Stelpukvöld verður 26.nóvember og kvikmyndamaraþon í lok nóvember.

Stjórn NFFG er byrjuð að undirbúa árshátíð sem verður í lok febrúar.



3. Önnur mál

Í síðustu viku var frumsýnd heimildarmyndin THE EUROPEAN DREAM. Skólinn tók þátt í ungmennaskiptaverkefni með það að markmiði að búa til sviðslistaverk um málefni innflytjenda. Þátttakendur voru frá þremur löndum, 45 ungmenni og 6 listrænir stjórnendur. Stjórnendur verkefnisins voru Bjarni Snæbjörnsson leiklistarkennari og Aðalbjörg Helgadóttir félagsgreinakennari. Leikstjóri heimildarmyndarinnar var Unnur Agnes Níelsdóttir, nemandi á leiklistarbraut. Skólaráð lýsir yfir ánægju sinni með heimildarmyndina sem lýsir bæði miklum faglegum og listrænum metnaði. Hér er um að ræða mynd sem á fullt erindi til almennings.

Á síðasta balli nemendafélagsins, s.k. Salsaballi, komu upp nokkur atvik sem skólastjórnendur hafa þurft að taka á. Farið hefur verið yfir málin með viðkomandi nemendum og þau afgreidd í samræmi við reglur skólans.

Síðasti kennsludagur fyrir próf er fimmtudagurinn 3. desember. Fulltrúar nemenda og kennara í skólaráði óska eftir að skipulag dagsins verði sem fyrst sent út.

Fundinn sátu:

Anna Guðrún Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi
Edith Edda Unnsteinsdóttir fulltrúi kennara
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Páll Maris Pálsson forseti NFFG
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi
Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara
Sverrir Bartolozzi fjármálastjóri NFFG
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi
Unnur Símonardóttir náms-og starfsráðgjafi